

Umhverfissvottunarferli sveitarfélaga á Vestfjörðum Framkvæmdaráætlun 2015 - 2016



EARTHCHECK

1. Inngangur.....	2
2. Vestfirðir	3
3. EarthCheck.....	3
4. Sjálfbærnistefna Vestfjarða	5
5. Hvað er skoðað?	6
Lykilsvið 1 – Orkunotkun, -sparnaður og –stjórnun	8
Lykilsvið 2. Losun gróðurhúsalofttegunda:.....	9
Lykilsvið 3: Stjórnun ferskvatnsauðlinda	11
Lykilsvið 4: Verndun og stjórnun vistkerfa	12
Lykilsvið 5: Stjórnun félagslegra- og menningarlegra áhrifa ferðapjónustunnar	14
Lykilsvið 6: Skipulags- og byggingarmál.....	15
Lykilsvið 7: Félagshagfræðilegur ávinningur svæðisins af ferðapjónustu	16
Lykilsvið 8: Verndun loftgæða og stjórnun hávaða	16
Lykilsvið 9: Stjórnun fráveitumála og yfirborðsvatns	17
Lykilsvið 10: Stjórnun úrgangs á föstu formi	18
Lykilsvið 11: Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu	20
Lykilsvið 12: Verndun menningarminja	20
6. Aðrar kröfur EarthCheck.....	21
7. Verkefni framkvæmdaáætlunar 2015-2020.....	21
8. Lokaorð	23

Formáli

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 3.-4. september 2010 var fjallað um tillögu þess efnis að stefna bæri á að fá starfsemi sveitarfélagana á Vestfjörðum umhverfissvottuð. Var þá eftirfarandi ályktun færð til bókar:

„Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkir að stefna að sameiginlegri umhverfissvottun Vestfjarða í heild samkvæmt staðli EarthCheck undir forystu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Þingið felur stjórn og framkvæmdastjóra að kynna hugmyndina og kanna vilja sveitarstjórna og sækja um aðild að EarthCheck fyrir Vestfirði í heild ef viðbrögð verða jákvæð.“

Nokkurn tíma tók að kanna nánari forsendur málsins en þann 12. júlí 2011 var sent bréf til sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem óskað var eftir samþykki sveitarstjórna á svæðinu að hefjast handa við forvinnu við umhverfissvottun Vestfjarða. Öll sveitarfélögin samþykktu áframhaldandi vinnu, þó settu tvö sveitarfélög fyrirvara um kostnað.

Einnig var á Fjórðungsþingi 2. og 3. september 2011 samþykkt að leggja Umhverfissvottun Vestfjarða fram sem eitt af sjö verkefnum í Sóknaráætlun landshluta, það hlaut þó ekki brautargengi sem slíkt. Þann 8. nóvember 2012 tóku sveitarfélögin á Vestfjörðum þá ákvörðun að gerast meðlimir hjá umhverfissamtökunum EarthCheck. Með þessu eru sveitarfélögin að skuldbinda sig til þess að taka mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum sínum og tryggja sjálfbærni þeirra auðlinda sem til staðar eru á svæðinu.

Verkefnið er unnið af Fjórðungssambandi Vestfirðinga en hugmyndin kemur upprunalega frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða, sem sýnt hefur verkefninu mikinn áhuga. Umhverfissvottun hefur verið eitt af viðfangsefnum síðustu tveggja Fjórðungsþinga og greinilegur áhugi sveitarstjórnarmanna á málefnum. Í upphaf ársins 2012 fékkst fjárstyrkur frá umhverfisráðuneytinu vegna undirbúningsvinnu fyrir umhverfissvottaða Vestfirði.

Tekið hefur mun lengri tíma að koma verkefninu áfram en var það bæði vegna þess að ákveðin tímamót voru hjá EarthCheck á Íslandi og enginn var til að sinna málefnum þeirra hér á landi. Það var þó í lok sumars 2012 sem EarthCheck samdi við Guðrúnu Bergmann um að taka að sér umboðssölu fyrir fyrirtækið. Í september 2013 kom inn nýr starfsmaður sem mun vinna að umhverfissvottuninni og eftir það hefur málið aftur farið á skrið og þann 18. nóvember 2013 voru gögn send EarthCheck til úrvinnslu.

Þann 14. janúar var svo send staðfesting frá EarthCheck að skrefi 2 væri náð í vottunarferlinu þar sem sveitarfélögin stóðust lágmarks kröfur vottunarsamtakanna.

Ísafirði 17. desember 2014

Lína Björg Tryggvadóttir
Verkefnastjóri

1. Inngangur

Einkunnarorð umhverfissvottunarsamtakana EarthCheck eru „the Earth deserves more than half measures“ eða í lauslegri þýðingu „Jörðin á skilið meira en hálfkák“.

Miðað við þá umræðu sem fer fram í heiminum í dag þá eru þessi einkunnarorð ekki úr lausu lofti gripin. Umræðan í heiminum hefur mikið breyst síðustu árin og eru þær raddir sem tala um umhverfisvernd og sjálfbærni orðnar mun háværari en áður. Sjálfbær þróun er hugtak sem notað er í dag í allri vinnu sem snýr að umhverfismálum. Skilgreiningin á sjálfbærri þróun er sú að það sé þróun sem fullnægir þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Hugtakið sjálfbær þróun kom fyrst fram ca. 1980 og byggir það á tvennu. Annars vegar, að ekki sé gengið óhóflega á forða náttúrunnar sjálfrar heldur séu auðlindir nýttar á hófsaman hátt þannig að endurnýjun nái að eiga sér stað. Hins vegar þá felst hugtakið í því að nýting náttúruauðlinda skuli fara þannig fram að ekki hljóti mengun eða umhverfið spillist við notkun þeirra.

Heyrst hafa gagnrýnisraddir um að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sé ekki mikið notuð innan ríkja, stofnana, heimila eða fyrirtækja. Því þurfi að stuðla að breyttum hugsunarhætti varðandi þau mál.

Sveitarfélögin níu á Vestfjörðum, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð vinna saman í anda hugmyndafræðinnar um sjálfbæra þróun. Starfsemi sveitarfélaganna hefur frá árinu 2012 farið eftir stefnu umhverfissvottunarsamtakana EarthCheck (áður GreenGlobe), sem staðfestir að sveitarfélögin vinna eftir stefnu um framfarir í umhverfis- og samfélagsmálum. Sveitarfélögin á Vestfjörðum fengu Benchmarking fyrir starfsemi sína 2012 og er beðið eftir að fá staðfestingu á Benchmarking fyrir starfsemina árið 2013. Stefnt er að því að sveitarfélögin reyni að fá umhverfissvottun fyrir starfsemi sína árið 2014.

Stefnan er útfærð í skilgreindum og tímasettum verkefnum framkvæmdaáætlunar, sem er eitt mikilvægasta skjal vottunarferlisins. Við vinnslu þessarar skýrslu er stuðst við vinnu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og einnig er framkvæmdaráætlun þeirra notuð til samanburðar og upplýsingar fengnar varðandi lykilsvið. Einnig eru fengnar upplýsingar úr skýrslu umhverfisráðuneytisins um loftlagsbreytingar, skýrslu Náttúrustofu Vesturlands Umhverfissvottað Ísland.

Í þessari framkvæmdaáætlun er gerð grein fyrir helstu kröfunum sem EarthCheck - samtökin gera til starfsemi sveitarfélaga svo að þau eigi möguleika á vottun, ásamt þeim verkefnum sem fyrirhugað er að ráðast í á árinu 2015 til ársins 2016.

2. Vestfirðir

Kannanir sem gerðar hafa verið á meðal ferðamanna sem heimsækja Vestfirði hafa sýnt að það sem þeim finnst mest áberandi og eftirsóknavert við Vestfirði er landslagið og náttúran. Á Vestfjörðum eru djúpir firðir og dalir sem hafa há og tignarleg fjöll og fallega fossa. Vestfirðir hafa upp á að bjóða mikið af fallegum stöðum og má þar til dæmis telja Látrabjarg, Ísafjarðardjúp, Hornstrandir og Dynjandisfoss en þar fyrir utan eru margir fallegir og áhugaverðir staðir sem vert er að skoða. Á Vestfjörðum bjuggu tæplega 7.000 íbúar árið 2014 og dreifist byggðin á stórt svæði. Vestfirðir hafa lengi vel verið kenndir við sjómennsku og verkun og sölu á fiskafurðum og öðrum landbúnaðarafurðum. Helstu atvinnuvegirnir eru útgerð, fiskvinnsla, ferðaþjónusta, verslun og þjónusta.

Heiti sveitarfélags	Íbúafjöldi 1.1.2014	Flatarmál (km ²)
Árneshreppur	53	705
Bolungarvíkurkaupstaður	950	108
Ísafjarðarbær	3639	2381
Kaldrananeshreppur	105	458
Reykholahreppur	271	1096
Strandabyggð	506	1834
Súðavíkurhreppur	202	750
Tálknafjarðarhreppur	297	175
Vesturbyggð	949	1336

Tafla 1 Íbúar og flatarmál sveitarfélagna níu á Vestfjörðum árið 2014 (Hagstofa Íslands og Landmælingar)

Á Fjórðungssþingi Vestfirðinga sem haldið var í Súðavík þann 1. og 2. september 2006 var ályktað um að Vestfirðir ættu að vera stóriðjulaust svæði. Sú ákvörðun sveitarfélaganna níu að vinna í sameiningu að því að fá starfsemi sína umhverfissvottaða er skerf í þá átt að skapa þekkingarsamfélag með sjálfbærni að leiðarljósi. Í því viðskiptalega umhverfi og í ljósi þeirrar hnattvæðingar sem ríkir í heiminum í dag telja sveitarstjórnarmenn það vera mjög jákvæða stefnu að fá starfsemi sveitarfélaganna umhverfissvottaða. Líklegt er að það hafi jákvæð áhrif á markaðssetningu á hverskonar afurðum er koma frá svæðinu. Fjögur sveitarfélög af níu á Vestfjörðum hafa samþykkt Staðardagskrá 21 og er það Ísafjarðarbær, Strandabyggð, Reykhólahreppur og Tálknafjarðarhreppur.

3. EarthCheck

EC3 Global eru alþjóðleg vottunarsamtök og hafa þau höfuðstöðvar í Ástralíu. Samtökin hafa umsjón með EarthCheck vottunarkerfinu, sem byggir á hugmyndafræði Staðardagskrár 21 (Local Agenda 21) um sjálfbæra og ábyrga þróun í samræmi við ályktanir heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992. EarthCheck eru einu umhverfissvottunarsamtökin í heiminum sem votta samfélög, en einnig votta þau ferðaþjónustuaðila. Til að hljóta umhverfismerki EarthCheck þarf að fara í gegnum þrjú ferli og eru þau þessi:

1. Skráning í vottunarkerfi EarthCheck. Undirbúningur að næsta ferli, stefnumótun og fleira.
2. Mælingar á tölulegum vísum og gerð framkvæmdaáætlunar. Eftir mælingar í eitt ár eru niðurstöður sendar til vottunarsamtakanna, sem meta hvort lágmarksviðmiðum hafi verið mætt. Ef svo er fer verkefnið í þriðja þrepið.
3. Vottun frá EarthCheck. Viðurkenndur óháður vottunaraðili tekur starfsemina út og kannar hvort stöðlum EarthCheck sé mætt og hvort framkvæmdaáætlun sé uppfyllt. Sé svo, er veitt vottun til eins árs í senn. Þessi vottun felur í sér að samfélagið/ferðaþjónustuaðil skuldbindi sig til að vinna að stöðugum úrbótum.

Þeir aðilar sem hafa farið í gegnum þetta ferli fá í skrefi 3 umhverfismerkið EarthCheck og sýna þar með að þeir vilji stuða að sjálfbærri þróun í sinni starfsemi. Merkið nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar þar sem samtökin hafa vottað aðila í meira en 50 þjóðlöndum í öllum heimsálfum.

Staðallinn sem vottunarsamtökin vinna eftir veitir samfélögum ramma til þess að mæla frammistöðu sína og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum. Hann byggir á sex meginstoðum:

1. Trygg stjórn samfélagsins og vottunarkerfisins.
2. Gildandi lögum og reglugerðum er fylgt í hvívetna.
3. Sjálfbærnistefna í umhverfis- og samfélagsmálum.
4. Framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn, sem er endurskoðuð árlega.
5. Skráningar- og vöktunarkerfi til að fylgjast með árlegri frammistöðu á 12 sviðum.
6. Öflugt samráð við alla hópa samfélagsins, þannig að allir eigi þess kost að taka þátt í stefnumótuninni og koma athugasemdum á framfæri. Einnig er sett upp og framfylgt kynningaráætlun um framgang verkefnisins.

Þegar um vottun sveitarfélags er að ræða tekur vottunin til starfsemi sveitarfélagsins sjálfs, það er starfsemi stofnana og verkefna sem eru á þess vegum og ábyrgð. Vottunarferlið tekur ekki til fyrirtækja eða stofnana á vegum einkaaðila eða ríkis, sem staðsett eru í viðkomandi sveitarfélagi, að öðru leyti en að fjöldi umhverfisvottaðra fyrirtækja í sveitarfélaginu getur talist til tekna í vottunarferlinu og sumir sjálfbærnivísarnir byggja á mælingum á notkun allra íbúa á auðlindum, svo sem vatni og orku, og losun á úrgangi íbúa. (<http://nesvottun.is/skref-i-att-ad-vottun>)

4. Sjálfbærnistefna Vestfjarða

Í samræmi við staðal EarthCheck hafa sveitarfélögin á Vestfjörðum komið sér saman um stefnu um sjálfbæra þróun á svæðinu. Stefnan var fyrst samþykkt í janúar 2014 og mun hún verða endurskoðuð árlega samkvæmt reglum EarthCheck.

Stefnan er birt hér í heild sinni enda er hún grunnurinn að framkvæmdaráætlun umhverfisvottunarinnar.

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa samþykkt að marka þá stefnu að sérgreina sig sem umhverfisvænt og sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á að vernda sögu, minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa í auknu mæli stuðlað að sjálfbærni og horft meira til náttúru- og landverndar og eru með því að hvetja fyrirtæki, íbúa og opinberar stofnanir á svæðinu að feta sömu braut. Myndi það hafa jákvæð áhrif á markaðssetningu hverskonar afurða er koma frá svæðinu.

Í samræmi við þetta hafa sveitarfélögin á Vestfjörðum, Árneshreppur, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð sett sér sameiginlega stefnu um sjálfbæra þróun með sérstaka áherslu á umhverfisvæna ferðaþjónustu sem og umhverfisáherslur í öðrum atvinnuvegum á svæðinu.

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambands Vestfirðinga leitast við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykktu og innlendra áætlana um umhverfismál, auk þess sem tekið er mið af öllum öðrum lögum, reglugerðum, samningum og öðrum samþykktum sem varða þá þætti sem stefnan nær til, svo og siðareglum Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO).

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambands Vestfirðinga beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja aðra aðila og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í málefnum sjálfbærrar þróunar, sérstaklega með tilliti til ferðaþjónustunnar.

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa einsett sér að:

1. Vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum EarthCheck fyrir svæðið.
2. Láta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs að því marki sem mögulegt er þannig að sveitarfélögin hafi ávallt í forgrunni að kaupa vörur og þjónustu í heimabyggð ef kostur er á.
3. Starfa í anda samfélagslegrar ábyrgðar (CSR – Corporate social responsibility) og eiga þátt í að efla samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, þar sem haft er að leiðarljósi að vinna að eflingu samfélagsins, samþætta samfélags- og umhverfismál og hafa þau sjónarmið að leiðarljósi í samskiptum við hagsmunaaðila.

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambands Vestfirðinga halda uppi samskiptum við alla hagsmunaaðila til að tryggja samræmdar aðferðir við að ná framúrskarandi árangri í umhverfis- og félagsmálum. Skilvirk miðlun upplýsinga í formi ársskýrslu er liður í þessum samskiptum, svo og opið samráð við alla hagsmunaaðila varðandi starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun.

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambandsins vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að uppbyggingu og eftirfylgni langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun eins og fram kemur í sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna.

Þessi stefna hefur verið formlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og kynnt íbúum.

Samþykkt af ofangreindum aðilum í janúar 2014.

5. Hvað er skoðað?

Vottun EarthCheck er í raun úttekt og viðurkenning þriggja aðila á því að viðkomandi sveitarfélag sé að vinna þá umhverfisvinnu sem það segist vera að vinna. Vottunin veitir ramma um umhverfisstarf fyrirtækja og sveitarfélaga og gerir kröfu um jafnar og ákveðnar framfarir frá ári til árs. Vottunin er líka öryggisstimpill gagnvart neytendum sem hafa þá vitneskju um að þar sé verið að stefna að sjálfbærari framtíð.

EarthCheck skoðar 12 lykilsvið sem taka mið af umhverfispáttum sem er nauðsynlegt að horfa til á heimsvísu í dag. Samtals eru 16 sjálfbærniskylduvísar innan þessa lykilsviða (2. tafla) en aðilar geta bætt við valkvæðum vísum eins og við á. Gögnum vegna sjálfbærnivísanna (Benchmarking tölur) er skilað árlega og reiknar EarthCheck út einkunn frá þeim tölum. Samtökin hafa sett viðmið um lágmarksframmistöðu varðandi hvern sjálfbærnivísi, sem gengið er út frá að um helmingur sveitarfélaga ætti að geta náð. Einnig hafa þau sett annað viðmið um það sem telst vera framúrskarandi frammistaða. Gert er ráð fyrir að einungis um 20% sveitarfélaga geti náð svo góðum árangri.

Sveitarfélögin eiga eftir að þróa með sér skráningarkerfi til að vakta auðlindanotkun í sveitarfélögunum en samt er kominn grunnur að skráningarkerfi hjá verkefnastjóra sem sveitarfélögin þurfa einnig að þróa með sér. Með því að gera skráningarkerfi varðandi þessa sjálfbærnivísa eins og EarthCheck mælist til eykst gagnsæi og mun það gefa sveitarfélögunum yfirsýn sem annars væri ekki fyrir hendi.

Með bættri yfirsýn er m.a. hægt að:

- Draga úr kostnaði
- Auðvelda skýrslugjöf um frammistöðu
- Bæta umhverfisvernd og ná sjálfbærnimarkmiðum
- Stuðla að vottun og staðfesta ákveðin gæði
- Bæta almenningaálit

Lykilsvið	Sjálfbærnivísar	
	Skylduvísir	Valkvæður vísir
1. Orkunotkun, -sparnaður og -stjórnun	Orkunotkun á mannár í MJ	1. Endurnýjanleg orka sem hlutfall af heildarorkunotkun 2. Endurnýjanleg orka framleidd á svæðinu sem hlutfall af heildarorkunotkun
2. Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun koltvísýrings (CO ₂) á mannár í tonnum	
3. Stjórnun ferskvatnsauðlinda	a. Notkun neysluvatns á mannár í rúmmetrum b. Einkunn fyrir aðgerðir til vatnssparnaðar	
4. Verndun og stjórnun vistkerfa	Flatarmál svæða sem vernduð eru vegna innlends lífríkis, sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins	
5. Stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðaþjónustunnar	Fjöldi vottaðra ferðaþjónustufyrirtækja sem hlutfall af heildarfjölda ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu	
6. Skipulags- og byggingarmál	Flatarmál grænna svæða sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins	
7. Félagshagfræðilegur ávinningur svæðisins af ferðaþjónustu	Engir skilgreindir sjálfbærnivísar	
8. Verndun loftgæða og stjórnun hávaða	a. Losun köfnunarefnisoxíða (NO _x) á hektara b. Losun brennisteinsoxíða (SO ₂) á hektara c. Magn svifryks (PM ₁₀) á hektara	
9. Stjórnun fráveitumála og yfirborðsvatns	Vatnssýni sem standast gæðakröfur, sem hlutfall af öllum vatnssýnum sem tekin eru	
10. Stjórnun úrgangs á föstu formi	a. Magn úrgangs til urðunar á hvert mannár b. Hlutfallsleg endurvinnsla úrgangs c. Hlutfallsleg notkun umhverfismerkrar pappírsvöru	
11. Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu	a. Hlutfall varnarefna, sem eiga sér lífrænan uppruna og brotna niður í náttúruleg efni eftir notkun, af heildarnotkun varnarefna. b. Hlutfallsleg notkun umhverfismerkra hreinsiefna 12. Verndun	
12. Verndun menningarminja	Engir skilgreindir sjálfbærnivísar	

Tafla 2 Lykilsvið svæðastuðuls EarthCheck og þeir sjálfbærnivísar sem sveitarfélögin á Vestfjörðum nota


Fjórir liðir frá sveitarfélögunum á Vestfjörðum féllu undir viðmið EarthCheck fyrir árið 2012 og voru þeir vatnsnotkun, vatnssparnaður, svæði undir náttúruvernd og athugun vottaðra aðila í ferðaþjónustu. EarthCheck hvetur Vestfirði til að gera úrbætur í þeim liðum er féllu undir bestu línu til að auka sjálfbærni svæðisins. EarthCheck fullyrðir í skýrslunni að umbætur á þessum þáttum muni ekki aðeins hjálpa í umhverfislegu tilliti heldur einni í rekstarlegu sjónarmiði sveitarfélagana.

Lykilsvið 1 – Orkunotkun, -sparnaður og –stjórnun


Hversvegna þetta lykilsvið?

Skipta má orkunotkun Íslendinga gróflega í tvo flokka. Annars vegar orka sem fengin er frá innlendum orkulindum, einkum jarðhita og vatnsafl, sem losa hlutfallslega lítið af gróðurhúsalofttegundum í samanburði við brennslu jarðefnaeldsneyta. Nær öll raforka á Íslandi er framleidd með þessu móti. Um 5% hennar er notuð á heimilum en um 80% af stóriðju. Nær öll raforka sem notuð er á Vestfjörðum kemur frá endurnýtanlegum orkugjöfum. Þegar rafmagnsleysi er á svæðinu er notuð díselolía til að keyra díselrafstöðvarnar áfram.

Upplýsingar um hve mikil olía er notuð til að knýja díselrafstöðvarnar voru fengnar hjá Orkubúi Vestfjarða en þær liggja fyrir í ársreikningi þeirra fyrir hvert ár. Árið 2012 var gott ár hjá Orkubúi Vestfjarða þar sem ekki var mikið um rafmagnsleysi og því kom sú mæling mjög vel út. En árið 2013 kom ekki eins vel út enda var meira um að nota þyrfti díselrafstöðvarnar vegna rafmagnsleysis.



Mynd 1 Notkun á olíu vegna húshitunar er óveruleg á Vestfjörðum og er meirihluti notaðar orku til húshitunar frá orku framleiddri á svæðinu. Orkunotkun er einungi 13,9% af „best practice“ og 9,7% af „baseline“ level hjá EarthCheck



Mynd 2 Losun gróðurhúsalofttegunda er einungis 45% af „best practice“ og 31% af „baseline“ viðmiðum

Losun gróðurhúsalofttegunda er því að mestu vegna ökutækja auk annarra vinnuvéla og fiskiskipaflotans á svæðinu, en í þessari úttekt tókst ekki að hafa tölur vegna fiskiflotans á Vestfjörðum með í mælingunni.

Leiðir til framfara

Mikilvægt er að auka vitund aðila á svæðinu um orkusparnað með fræðslu þannig að orkunýting verði eins góð og kostur er og að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa verði sem hæst. Því þarf að upplýsa íbúa, fyrirtæki og opinbera aðila hvernig þeir geti dregið úr notkun orku til með því að slökkva á tölvum og öðrum rafbúnaði sem ekki er verið að nota eða jafnvel taka þau úr sambandi meðan þau eru ekki í notkun. Bæta einangrun húsa sem kynt eru með rafmagni og spara heitt vatn. Sveitarfélagið getur komið að því að setja vatnsskammtara á allar sturtur í íþróttamiðstöðvum.

Frammistaða sveitarfélaganna á þessu lykilsviði er einkum mæld með sjálfbærnivísinum:

- Orkunotkun á mann á ári. Að baki útreikningum eru tölur um notkun eldsneytis, rafmagns og heits vatns.

Markmið

1. Að fyrirtæki og heimili fái reglulega kynningu á orkusparnaðarleiðum.
2. Að sveitarfélög á svæðinu og stofnanir þeirra beiti tiltækum orkusparnaðarleiðum.

Lykilsvið 2. Losun gróðurhúsalofttegunda:

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Mannkynið hefur haft veruleg áhrif á loftslag jarðarinnar og þá sérstaklega með losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Notkun jarðefnaeldsneytis hefur margfaldast ef litið er til byrjun iðnbyltingar og hefur hún leitt til mikilla losunar koltvísýrings (CO₂). Einnig hefur losun Metan (CH₄) tvínituroxíð (N₂O) aukist vegna landbúnaðar og annarrar starfsemi.

Þær rannsóknir sem hafa farið fram á áhrifum aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda á loftslag jarðar hafa sýnt fram á að losun gróðurhúsalofttegunda hafi að öllum líkindum áhrif á hlýnun jarðar og er ljóst að hnattræn hlýnun var rúmlega 0,7°C á liðinni öld. (Umhverfisstofnun)


Ef áhrif losunar gróðurhúsalofttegunda eru skoðuð út frá áhrifum á heimshöfin er hægt að sýna fram á að þau hafa frá miðri 18. öld súrnað um 0,1 PH gildi, vegna aukinnar upptöku koltvísýrings úr andrúmsloftinu. „Áhrif þessa á lífríki hafsins eru enn lítt þekkt, en súrnun er talin geta haft neikvæð áhrif á ýmsar lífverur, s.s. kóralla og skeldýr. Talið er mjög líklegt að hægja muni á hringrás hafstrauma í Atlantshafi á þessari öld, en það er mjög ólíklegt að stórfelldar og snöggar breytingar verði, s.s. að Golfstraumurinn stöðvist.

Breytingar á straumakerfi geta haft áhrif á framleiðni vistkerfa í hafinu, fiskveiðar og upptöku kolefnis úr andrúmslofti.“ (<http://www.ust.is/einstaklingar/loftslagsbreytingar/ahrif-a-jordina/>)


Frammistaða sveitarfélaganna á þessu lykilsviði er mæld sem:

- Losun koltvísýrings (CO₂) á mannár í tonnum, og tekur til heildarlosunar allra íbúa og gesta á Vestfjörðum en tekur ekki til losunar fiskiskipaflotans.

Upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir Vestfirði eru ekki fáanlegar og reiknaði því EarthCheck losun út frá þeim upplýsingum sem þau fengu varðandi orkunotkun og bílaeign á Vestfjörðum.



Mynd 3 Nitrousoxíð N₂O var reiknað af EarthCheck og reiknaðist það 13,8% yfir best practice viðmiði en 20,43% undir baseline (grunnlínu).



Mynd 4 Brennisteinsdíoxíð reiknað út af EarthCheck var 0.06 kg/person Year sem er einungis 9,5% af best practice viðmiði eða 6,7% af baseline viðmiði.

Núverandi staða

Til að reikna út losun koltvísýrings vegna bílaflota á Vestfjörðum voru fengnar upplýsingar um heildar sölu eldsneytis á öllu landinu út frá heildartölu allra bíla í landinu, þannig var hægt að reikna meðaltals notkun hvers ökutækis. Sú tala var uppreiknuð í heildarfjölda bíla á Vestfjörðum. Þessi reikniaðferð er ekki nákvæm því ekki er tekið inn hve mikið hver bíll keyrir á ári né heldur hvar á landinu hann eyðir þessari orku en erfitt er að nálgast þessar upplýsingar á annan hátt.

Árið 2015 þarf að taka upplýsingar frá farþegabátum inn í töluna.

Leiðir til framfara

Að losun gróðurhúsalofttegunda verði sem minnst með því að draga almennt úr notkun ökutækja. Notast við samgöngutæki sem nota aðra orkugjafa en jarðefnaeldsneyti, s.s raf- og metanbifreiðar.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum geta lagt sitt að mörkum með fræðslu til starfsmanna og íbúa sveitarfélagsins sem snúa að því hvernig megi draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til dæmis með samnýtingu bíla og notkunar almenningssamgangna. Einnig geta þeir beitt sér fyrir því að ferðapjónustuaðilar sem flytja ferðamenn til Vestfjarða og innan þeirra séu meðvitaðir um framlag sitt til losunar gróðurhúsalofttegunda á svæðinu og mögulegar aðferðir til að draga úr þeim.

Lykilsvið 3: Stjórnun ferskvatnsauðlinda

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Vatn er forsenda lífs á jörðinni og þurfa allar lífverur að hafa aðgang að vatni til þess að lifa. Því er þetta lykilsvið afar mikilvægt. Íbúar á Íslandi búa það vel að þurfa yfirleitt ekki að hafa áhyggjur af því að ekki sé til nægt vatn og hafa menn talað um að við séum með óþrjótandi auðlind sem við getum gengið að hvenær sem er. Mikil vitundarvakning hefur orðið undanfarin ár og er ljóst að maðurinn hefur gengið mjög á birgðir jarðarinnar af fersku hreinu grunnvatni og því er hreint neysluhæft vatn auðlind sem ekki má ganga of nærri og passa þarf að nægur aðgangur komandi kynslóða verði að vatni því án vatns mun ekkert líf þrífast á jörðinni.

Í flestum tilfellum er nóg til af fersku vatni á Vestfjörðum og þess vegna hefur hingað til ekki verið talið nauðsynlegt að draga úr vatnsnotkun.

Upplýsingar um vatnsnotkun fyrir árið 2012 voru byggðar á mælum sem Veðurstofa Íslands hefur haldið utan um. Voru upplýsingarnar unnar úr gögnum sem komu frá stærri sveitarfélögunum á Vestfjörðum, en þau gefa upplýsingar um vatnstöku og vatnsveitingu. Einnig er í þeim upplýsingar um vatnsból sem nýtt eru af eftirlitsskyldri starfsemi og veitir Heilbrigðiseftirlitið upplýsingar um

vatnsnotkunina til Veðurstofnunnar. Þegar spurst var eftir gögnum um vatnsnotkun sveitarfélaganna fyrir árið 2013 voru sveitarfélögin ekki búin að skila þeim inn í september og því þurfti að fara eftir öðrum leiðum til að fá raunhæfar upplýsingar.

Vatnsnotkunin á Vestfjörðum mældist mun meiri en búast mátti við árið 2012 og voru því sveitarfélögin undir bestu línu EarthCheck og þannig voru þau ekki að standast viðmið EarthCheck í þessari mælingu. Ástæðan fyrir því að vatnsnotkun er meiri en gera ætti ráð fyrir er sú að í sumum sveitarfélögum er einungis mælt það sem tekið er úr uppsprettunni en ekki vatnsnotkunin sjálf. Það vatn sem ekki er notað fer á yfirfalli út í sjó en mælist sem notað vatn vegna þessa. Þetta mætti bæta með því að mæla notkun. Mælingin fór fram með örðum hætti fyrir árið 2013 en hún sýndi hins vegar ekki nægilega góðar niðurstöður og er líklegt að notkunin í þeirri mælinu hafi verið vanmetin. Því þarf að skoða þá leið sem farin er í þessum mælingum mun betur.

Leiðir til framfara

Sveitarfélögin á Vestfjörðum þurfa að finna út hvernig mæla á notkun á þessari auðlind en það eru nokkur sveitarfélög sem mæla ekki notkun. Hafa þarf hins vegar í huga að fiskvinnsla og þá sérstaklega rækjuvinnslur þurfa mikið vatn og mun það ásamt öðru hafa áhrif á vatnsnotkun á Vestfjörðum.

Skilgreina þarf hvert leiðarljós á neysluvatni skuli vera á Vestfjörðum en erfitt hefur verið að halda utan um mælingar á því hvert raunverulegt neysluvatn er.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum nota eftirfarandi sjálfbærnivísa til að fylgjast með þróun mála hvað varðar stjórnun ferskvatnsauðlinda á svæðinu:

1. Notkun neysluvatns á mannár í rúmmetrum (skylduvísir skv. EarthCheck)
2. Einkunn fyrir aðgerðir til vatnssparnaðar (skylduvísir skv. EarthCheck)

Einkunn fyrir aðgerðir til vatnssparnaðar eiga t.d. við um vökvun lóða eftir myrkur og söfnun og notkun á regnvatni en þessir hlutir eiga kannski ekki mikið við um aðstæður á Íslandi. Hins vegar er gert ráð fyrir mælingum á frammistöðu varðandi hlutfall vatnssparandi sturtuhausu og krana, og salerna sem hafa spartakka. Ekki er raunhæft að fylgjast með þróun þessara mála á öllum heimilum og fyrirtækjum á Vestfjörðum en sveitarfélög geta beitt sér fyrir vatnssparandi aðgerðum í sínum stofnunum og gefið upp tölur fyrir þær.

Lykilsvið 4: Verndun og stjórnun vistkerfa

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Til að koma í veg fyrir eyðingu búsvæða lífvera þarf að huga vel að náttúrunni og verndun vistkerfa. Líffræðileg fjölbreytni felur í sér fjölbreytni dýra, örvera og alla fjölbreytni plantna. Mannkynið hefur átt stóran þátt í því síðustu áratugi að tegundir í vistkerfinu deyi út. Mikilvægt er fyrir framtíð

Vestfjarða að ákveðin svæði séu skilgreind sem vernduð eða friðlýst svæði. Úttekt SP á vistkerfum (Millennium Ecosystem Assessment) frá árinu 2005 gaf til kynna að athafnir manna á síðastliðnum 50 árum hefðu breytt vistkerfum heimsins meira en á nokkru öðru skeiði í sögu mannkynsins. Þýðingarmestu þættirnir á bak við þessar tilhneigingar eru m.a. eyðing búsvæða, ágengar framandi tegundir, ósjálfbær nýting náttúruauðlinda, loftslagsbreytingar og mengun.


Núverandi staða

Um 9 % af Vestfjörðum eru friðlýst svæði. Heildarstærð sveitarfélaganna á Vestfjörðum eru 8.844,24 km² og byggjast tölurnar á upplýsingum frá Landmælingum ríkisins. (<http://www.lmi.is/mork/>)

Í viðbót við þessar friðlýsingar er í vinnslu friðlýsing á Látrabjargi og nágrenni. Þegar er komin deiliskipulagstillaga fyrir svæðið og einnig er hafin vinna við gerð verndaráætlunar fyrir væntanlegan þjóðgarð.



Mynd 5 Friðlýst svæði á Vestfjörðum



Mynd 6 Skipting sveitarfélaga á Vestfjörðum

Til þess að hafa áhrif á það hvaða svæði á Vestfjörðum eru skilgreind sem vernduð svæði þurfa sveitarfélögin á Vestfjörðum að setja sér stefnumörkun varðandi slíkt í svæðisskipulagi, aðalskipulagi og deiliskipulagi. Þar er hægt að teikna upp og taka frá þau svæði sem eiga að vera sett undir vernd, landgræðslu og vistheimtar.

Sveitarfélögin þurfa að láta fara fram úttekt og stefnumótun um forsendur hvaða svæði eigi að koma til greina og forgangsraða þeim.

Aðrar aðgerðir:

- Aðgerðir sem leitast við að takmarka tjón af opinberlega skilgreindum ágengum tegundum (til dæmis lúpínu og kerfli).
- Reglulegum úttektum og athugunum á ástandi beitolanda og girðinga um þau.
- Setningu reglna er varða náttúrutengda ferðamennsku.

Sjálfbærnivísar

Sveitarfélögin á Vestfjörðum nota eftirfarandi sjálfbærnivísa til að fylgjast með þróun mála hvað varðar verndun og stjórnun vistkerfa á svæðinu:

- Flatarmál svæða sem vernduð eru vegna innlands lífríkis, sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins (skylduvísir skv. EarthCheck)

Lykilsvið 5: Stjórnun félagslegra- og menningarlegra áhrifa ferðaþjónustunnar

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Ferðamennska er eitt helsta einkenni nútímasamfélaga og horfa sveitarfélögin á Vestfjörðum á ferðaþjónustu sem þá þjónustu sem er hvað mest í uppgangi í dag. Árið 2012 komu til landsins 672.800 erlendir ferðamenn, samanborið við 277.900 árið 2002. Aukningin jafngildir meira en 240% á 10 árum og sér ekki fyrir endann á fjölguninni. (Hagstofa Íslands)

Ferðaþjónusta getur haft mikil áhrif á landið bæði til góðs og ills. Áhrif ferðaþjónustu á íslenska menningu og samfélag hefur þó verið lítið rannsökuð. Gæta þarf að því að þolmörk ferðamannastaða séu skoðuð þannig að ekki sé hætt á að dýrmætar náttúruperlur og ósnortið land eyðileggist vegna of mikils átroðnings. Því er mjög mikilvægt fyrir Vestfirði að þetta lykilsvið sé skoðað og sveitarfélögin noti það til þess að hægt sé að fyrirbyggja skemmdir á náttúru Vestfjarða sem jafnvel væru ekki afturkræfar.

Þetta lykilsvið snýr ekki eingöngu að sveitarfélögunum heldur eru ferðaþjónar kallaðir til ábyrgðar í auknum mæli þannig að þeir beri ábyrgð á eigin athöfnum og athöfnum þeirra ferðamanna sem þeir hafa tekjur af.

Ferðaþjónusta er mjög mikilvæg atvinnugrein og er von sveitarfélaganna að hún muni aukast í framtíðinni á Vestfjörðum. Ferðaþjónustan þarf hins vegar að huga að því að stór hluti þeirra sem koma til Vestfjarða koma til að skoða óspillta náttúru og fegurð hennar. Það er því til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna að hafa sjálfbærni sem leiðarljós í sinni vinnu.

Í lok árs 2012 og 2013 voru engir ferðaþjónustuaðilar á Vestfjörðum með umhverfisvottun. Sveitarfélögin vilja með því að fá umhverfisvottun fyrir sína starfsemi skapa fyrirmynd og hvetja þannig önnur fyrirtæki, t.d. ferðaþjónustufyrirtæki að feta sömu leið.

Leiðir til framfara

Það er mjög mikilvægt að sveitarfélögin og ferðaþjónustufyrirtækin vinni saman að framförum í þessum flokki.

EarthCheck leggur áherslu á að ferðapjónustan nái framförum og fari út í að fá einhverskonar vottun eða viðurkenningu. Til þess að þetta verði þarf að kynna fyrir fyrirtækjum í ferðapjónustu þá umhverfisvottun sem verið er að vinna að. Framkvæmd gæti verið á þá leið að verkefnastjóri og starfsmenn úr sveitarfélagi færu saman í heimsókn til fyrirtækja í ferðapjónustu og kynntu fyrir þeim það starf sem unnið er að í umhverfisvottunarferlinu og útskýrðu um leið mikilvægi vottunar sem hluta af Earth Check starfi sveitarfélaganna. Fyrirtækin yrðu svo hvött til að sækjast eftir vottun. Þessa hugmynd þarf að þróa með aðstoð Markaðsstofu Vestfjarða.

Sjálfbærnivísar

Sveitarfélögin á Vestfjörðum nota eftirfarandi sjálfbærnivísa til að fylgjast með þróun mála hvað varðar stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðapjónustunnar:

- Fjöldi vottaðra ferðapjónustufyrirtækja sem hlutfall af heildarfjölda ferðapjónustufyrirtækja á svæðinu. (skylduvísir skv. Earth Check)

Lykilsvið 6: Skipulags- og byggingarmál

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Þegar skipuleggja á byggð og landnotkun er mjög mikilvægt að tengja hana við verndun búsvæða ásamt mögulegum áhættum er varða mengun og losun sorps eða annars úrgangs.

Skipulag og byggingarmál eru á hendi sveitarfélaganna og geta þau haft áhrif á þetta lykilsvið með stefnumörkun sem sett er í skipulagsáætlun (svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag) og einnig í setningu stefnumarkanna í gerð útboðsganga og leyfisveitinga sem eru í tengslum við framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Mikilvægt er að leiðbeiningar er varða skipulags- og byggingarmál séu skýr og séu í þágu sjálfbærrar þróunar þannig að verklag er varðar uppbyggingu og verndun séu auðveld að fara eftir.

Sá sjálfbærnivísir sem samkvæmt svæðastaðli EarthCheck vegur þyngst í einkunnargjöf fyrir þetta lykilsvið er:

- Flatarmál grænna svæða sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins.

Þessi mælikvarði á lítið erindi við strjálbýl svæði eins og Vestfirðir eru og hefur verið talað við EarthCheck að fallast á þá túlkun en vitað er að EarthCheck féllst á það varðandi Snæfellsnes.

Annar vísir er mun mikilvægari fyrir Vestfirði:

- Flatarmál verndaðra svæða m.t.t. vernd upprunalegra tegunda, sem hlutfall af heildarflatarmáli Vestfjarða.

Í kafla lykilsvið 4 var fjallað um sama vísi sem er seinni vísinn lykilsviði 4, verndun og stjórnun vistkerfa.

Lykilsvið 7: Félagshagfræðilegur ávinningur svæðisins af ferðapjónustu

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Sveitarfélögin á Vestfjörðum geta haft ýmiskonar ávinning af ferðapjónustu. Hann getur verið efnahags-, félags- og menningarlegur.

Efnahagslegi ávinningurinn getur verið sá að fjármagn komi inn til sveitarfélaganna í formi aukins útsvars og störf verða til í tengslum við samgöngur, gistingu, mat og afþreyingu, auk fjölmargra annarra afleiddra starfa í þjónustu- og framleiðslugreinum.

Ferðapjónustan getur einnig ýtt á að innri uppbyggingu verði flýtt svo sem samgöngur og þjónusta. Mjög mikilvægt er að stærsti hluti ávinningsins verði eftir í sveitarfélögunum og nýtist þannig til uppbyggingar á svæðinu. Því miður er of mikið af því að hagnaður flytjist burt af svæðinu til höfuðstöðva fyrirtækjanna sem eru með þjónustuna út á landi en höfuðstöðvar jafnvel í höfuðborginni.

Leiðir til framfara

EarthCheck hafa ekki skilgreint sjálfbærnivísa fyrir þennan þátt og er því enga slíka vísa að finna. Ef auka á félagshagfræðilegan ávinning af ferðapjónustunni á Vestfjörðum er lykilatriði að ferðamannatíminn verði lengdur svo að aðilar í ferðapjónustu sjái hag sinn í að sinna slíkum verkefnum og fyrirtækið sé rekstarhæft allt árið. Á veturnar hamlar veður oft samgöngum og hefur það gert ferðapjónustufyrirtækjum erfiðara fyrir varðandi það að vera samkeppnishæf á landsvísu. Hins vegar væri hægt að lengja ferðamannatímann þannig að þjónusta fyrir ferðamenn nái lengra fram eftir hausti og byrji fyrr á vorin. Sveitarfélögin gætu komið að því með því að bæta söfn sín og skilgreina þær lykilupplifanir sem svæðin hafa upp á að bjóða fyrir ferðamenn sem koma á svæðið.

Lykilsvið 8: Verndun loftgæða og stjórnun hávaða

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Athafnir daglegs lífs nútímamannsins hafa veruleg áhrif á loftgæði og hávaða. Notkun farartækja sem nota eldsneyti ásamt öðrum athöfnum mannsins hafa ollið því að loftgæði í heiminum hafa farið þverrandi. Léleg loftgæði eru víða vandamál og þá sérstaklega í þéttbýlum svæðum. Þetta lykilsvið er því mjög mikilvægt fyrir allt líf en slæm loftgæði hafa verið tengd við lægri lífslíkur og

aukningu ýmissa öndunarfærasjúkdóma. Einnig hefur verið sýnt fram á að hávaði veldur streitu sem aftur getur valdið ýmiskonar sjúkdómum er tengjast hjarta og geðheilsu.

Svifryksmengun á Íslandi er mest þar sem mikið er um bifreiðar og umferð mikil. Svifryk eru litlar agnir sem innihalda ýmiskonar efnasambönd og jafnvel malbik. Dreifing svifryks fer eftir veðri, vindum, umferðarþunga og umferðarhraða. (Wikipedia.org). Svifryk losnar einnig á náttúrulegan hátt t.d. fok úr eldfjallajarðvegi landsins.

Vestfirðir eru strjálbýlir án stóriðju og umferð er ekki þung. Þetta gerir það að verkum að loftgæðin eru yfirleitt með besta móti.

Leiðir til framfara

Ekki eru til beinar mælingar á þessum efnum á Vestfjörðum en losun þeirra er áætluð út frá heildarakstri á Vestfjörðum, sem metinn er út frá tölum um bifreiðaeign og akstur frá Umferðarstofu. Seinnipart ársins 2014 eftir að eldgosið í (Bárðarbungu) Holuhrauni hófst fékk Umhverfisstofnun fleiri mæla á Ísland og því er von til þess að þessi þáttur verði mun betri í næstu mælingum.

Frammistaða sveitarfélaganna á þessu lykilsviði er einkum mæld með þremur sjálfbærnivísum:

- Losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) á hektara
- Losun brennisteinsoxíða (SO_x) á hektara
- Magn svifryks (PM_{10}) á hektara

Í lykilsvið 1 og 2 var farið yfir leiðir til framfara varðandi stjórnun gæða lofts og eru þær því ekki tilgreindar hér aftur.

Lykilsvið 9: Stjórnun fráveitumála og yfirborðsvatns

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Eins og fram kom í kaflanum um lykilsvið 3 um stjórnun ferskvatnsauðlinda er vatn mjög mikilvægt öllu lífi á jörðinni. Aðgengi að hreinu vatni er alls ekki sjálfsagður hlutur allstaðar í heiminum og því þarf að umgangast það með varúð þannig að það drykkjarhæfa vatn sem til er í heiminum spillist ekki.

Í þessu lykilsviði er lögð áhersla á að draga úr umhverfis- og heilsufarstengdum áhrifum sem losun skólps getur haft á ferskvatnsauðlindir ásamt því að tryggja ákjósanlegt ástand grunnvatns og yfirborðsvatns (kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar; straumvötn, stöðuvötn, jöklar og strandsjór).

Á Íslandi þekja jöklar tæplega 12% af yfirboði landsins og sjá jökulár vatnsaflsvirkjunum árlega fyrir 42.300 milljónum rúmmetra af vatni til framleiðslu á rafmagni. Við landið eru öflug sjávarföll sem sjá um að flytja mengunarefni eins og skólþ frá ströndinni tvisvar á sólarhring og einnig á þjóðin það mikið tært grunnvatn að það sér 98% þjóðarinnar fyrir neysluvatni og 90% þjóðarinnar hita hífli sín með jarðhitavatni. (umhverfisraduneyti.is)

Alþingi samþykkti lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en markmið þeirra er að tryggja sjálfbæra nýtingu vatns með langtímavernd einnar dýrmætustu auðlindar jarðarinnar, vatnsauðlindarinnar í huga. Þessi lykilþáttur snýr einmitt að þessu markmiði.

Eins og á við um nær allt Ísland eru Vestfirðir mjög auðugir af hreinu og tæru vatni og er sjórinn almennt lítið mengaður ef miðað er við önnur svæði. Þó mætti á mörgum stöðum gera betur þar sem fráveitukerfi klóaks eru leidd beint út í sjó. Ef ekkert er að gert þá er hætt á því að það skólþ sem beint er beina leið út í sjó geti valdið sýkingarhættu og haft neikvæða ímynd á svæðið sem gæti haft áhrif á ferðamannastaði.

Leiðir til framfara

Brýnt væri fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum að huga að úrbótum í fráveitumálum í þéttbýlum. Einnig þarf að fræða íbúa um það sem má fara í frárennsliskerfið og mikilvægt er að tryggja að fyrir liggi staðbundnar viðbragðsáætlanir vegna mengunarslysa.

Frammistaða sveitarfélaganna á þessu lykilsviði er einkum mæld með sjálfbærnivísinum:

- Hlutfall vatnssýna sem standast kröfur um hreinleika.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða var eitt sýni árið 2012 sem ekki var talið standast allar kröfur þeirra en fjögur sýni á Vestfjörðum árið 2013.

Lykilsvið 10: Stjórnun úrgangs á föstu formi

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Hvert svæði þarf að vera sjálfbært með að sinna sínu sorpi og koma því í rétta förgun eða endurnýtingu. Á síðasta áratug hefur orðið mikil vitundarvakning varðandi hvernig hægt er að nýta sorp þannig að ekki sé öllu sorpi fargað. Það sem einum finnst vera sorp getur annar talið vera nýtsamlegt og sér jafnvel auð í að safna því.

Ef sorpmálum er ekki sinnt á réttan hátt er hætt á því að verðmæti tapist og fari til spillis og hætt á því að mengandi efni leki í jarðveg. Með auknu magni af sorpi er því hætt á aukinni sóun og getur það haft í för með sér meiri umhverfisspjöll og kostnað. Sorp myndar metan, sem hefur áhrif á loftgæði og við bruna sorps myndast dioxín sem er eitt eitraðasta efnið í náttúrunni.

Ef ekki er hugað að stjórnun úrgangs er mikil hætt á því að sorpmagn og mengun frá því hafi mjög neikvæð umhverfisáhrif og einnig áhrif á ímynd svæðisins. Á Vestfjörðum eru fjórir aðilar sem sjá um sorpsöfnun og förgun á svæðinu og eru þeir Gámaþjónustu Vestfjarða ehf., Sorpsamlag Strandasýslu, Gámaþjónustan hf. og Kubbi ehf. og voru upplýsingar um sorpmagn og endurvinnslu á sorpi fengnar frá þessum aðilum.

Leiðir til framfara

Sú leið sem sveitarfélögin á Vestfjörðum geta farið til þess að minnka sorpmyndun er að draga almennt úr innkaupum. Til þess að það sé hægt þarf að halda utan um það á skilvirkan hátt hvað er keypt inn þannig að hægt sé að skoða innkaup og draga úr þar sem við á. Einnig þarf að beina innkaupum þannig að keypt séu inn endurunnar vörur. Þetta þarf að gerast þannig að sveitarfélögin taki ábyrgð á sínum innkaupum og komi fræðslu til þeirra er kaupa inn fyrir sveitarfélögin ásamt því að kynna leiðir sem leiða til minnkunnar á sorpframleiðni í sveitarfélaginu fyrir almenning.

Þetta er hægt með því að sveitarfélögin skoði eftirfarandi atriði:

- Að magn úrgangs sem fellur frá sveitarfélögunum minnki árlega.
- Að hlutfall úrgangs sem fer til endurnýtingar eða endurvinnslu hækki ár frá ári.
- Að eingöngu séu keyptar umhverfismerktar pappírsvörur fyrir skrifstofur og stofnanir sveitarfélaganna á Vestfjörðum.
- Að eingöngu séu keypt umhverfismerkt hreinsiefni fyrir skrifstofur og stofnanir sveitarfélaganna á Vestfjörðum.
- Tekið verði upp flokkunarkerfi þar sem heimilissorp er flokkað í þrjá mismunandi flokka sem eru: endurvinnanlegt efni, lífrænn úrgangur og almennt óendurnýtanlegt sorp.
- Að Vestfirðir verði að mestu plastpokalausir fyrir árið 2017.

Frammistaða sveitarfélaganna á þessu lykilsviði er einkum mæld með þremur sjálfbærnisvísum:

- Magn úrgangs til urðunar á mann á ári (miðað við heildarsorpmyndun allra í sveitarfélögunum).
- Hlutfallsleg endurvinnsla úrgangs (allur úrgangur í sveitarfélaginu).
- Hlutfall umhverfismerktar pappírsvöru (á við um innkaup á vegum sveitarfélaga og stofnana þeirra).

Lykilsvið 11: Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Eiturefni sem notuð eru í náttúrunni geta haft margvísleg neikvæð áhrif. Í eitri svo sem skordýra-, illgresis-, sveppa- og nagdýraeitri eru efni sem geta haft veruleg áhrif jafnvel til langs tíma.

Eituráhrifin geta verið allt frá því að valda bruna á stuttum tíma eða valdið krabbameini sem gætu tekið mörg ár að koma fram. Mjög lítið er notað af skaðlegum efnum af sveitarfélaginu en helst má nefna arfaeitur og meindýraeitur. Er ekki viss um að þetta sé mjög lítið. Hins vegar eru ýmis hreingerningarefni sem innihalda eiturefni sem hafa áhrif á náttúruna þegar þau fara í náttúruna. Því er mikilvægt að sveitarfélögin dragi úr notkun þessara efna eins mikið og kostur er og reyni að velja við innkaup náttúruleg efni (biodegradable) sem bera viðurkennd umhverfismerki sem merkir að þau valdi minni neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig þarf að vera ljóst hvernig förgun eiturefna og efna sem innihalda skaðleg efni skulu fara fram.

Leiðir til framfara

Sveitarfélögin þurfa að stuðla að því að ekki séu notuð, né keypt inn efni sem eru skaðleg umhverfinu og hætta notkun eiturefna s.s. til illgresiseyðingar og noti önnur ráð s.s. salt. Öll keypt hreinsiefni skulu bera viðurkennd umhverfismerki og ef þau eru ekki í boði skal skipta út skaðsömum efnum fyrir efni sem ekki eru eins skaðleg.

Lykilsvið 12: Verndun menningarminja

Hvers vegna þetta lykilsvið?

Með því að vernda menningarminjar er verið að tryggja að aðgangur komandi kynslóða að þekkingu um fortíðina sé varðveittur ásamt því að viðhalda menningarlegum fjölbreytileika.

Á heimasíðu Minjastofnunar Íslands segir „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim“

(<http://www.minjastofnun.is/minjar>)

Ekki hafa verið skilgreindir sjálfbærnivísar fyrir þennan þátt hjá EarthCheck.

6. Aðrar kröfur EarthCheck

EarthCheck mælist til að sveitarfélögin stefni einnig á önnur verkefni en þau sem upp hafa verið talin að framan. Það eru verkefni sem:

- snúa að bættri stjórnun og stefnumótun innan umhverfisverkefnisins. Á hverju ári skal taka til endurskoðunar sjálfbærnistefnu verkefnisins og framkvæmdaáætlun og endurskoða reglulega fyrirkomulag stjórnunar og framkvæmdar innan verkefnisins, s.s. samsetningu og umboð Framkvæmdaráðs, aðkomu starfsmanna sveitarfélaga að verkefninu ásamt stöðu og starfslýsingu þeirra starfsmanna sem vinna beint að verkefninu.
- miða að því að stjórnendur stofnanna innan sveitarfélagsins hafi sjálfbærni að leiðarljósi. Í því fellst t.d að innleiða verkferla Framkvæmdaráætlun verkefnisins hjá þeim starfsmönnum í sveitarfélögunum sem við á.
- snúa að ýmsum öryggismálum og útbúa nýjar áætlanir sé þess þörf. Undir þennan lið falla verkefni sem snúa að því að skoða hverskonar hreinsiefni eru keypt inn og þjálfun starfsmanna sem þurfa starfs síns vegna að umgangast umhverfisspillandi efni. Einnig notkun á eiturefnum til illgresis- og skordýraeitrunar.
- kynna verkefni sveitarfélagana fyrir almenning þannig að íbúar séu meðvitaðir um hvað er verið að gera og hafi tækifæri til að kynna sér það. Dæmi um þetta er kynning verkefnis á vefsíðum sveitarfélagana ásamt síðu verkefnissins. Einnig þurfa íbúar að hafa leiðir til að geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri.
- skoða hvort ástæða sé að friðlýsa ákveðin svæði sem friðland fugla. (Gæti komið sterkt inn til að koma til móts við kröfu EarthCheck um „svæði undir náttúruvernd“.
-
- styðja sérstaklega við að fyrirtæki í ferðaþjónustu fái umhverfissvottun sbr. kröfu EarthCheck til dæmis með því að standa að kynningum fyrir fyrirtæki.

Þessi dæmi um verkefni eru alls ekki tæmandi og þarf það að koma í hlut Framkvæmdarráðs að skilgreina fleiri verkefni sem fara skal í.

7. Verkefni framkvæmdaáætlunar 2015-2020

Í þessum kafla eru sett upp þau verkefni sem stefnt er að vinna í á árunum 2015 – 2020. Verkefnin eru fjölbreytt og þurfa sveitarfélögin á Vestfjörðum að vinna að því að þau séu unnin í takt við framkvæmdaráætlunina. Sum þessara verkefna eru að kröfu EarthCheck og því þarf að vinna þau á hverju ári. Önnur eru verkefni sem Framkvæmdarráð þarf að setja upp í hverju sveitarfélagi fyrir sig og þurfa að vinnast á lengri tíma. Framkvæmdaráætlunin er svo tekin og endurskoðuð ár hvert og er þá hægt að bæta við verkefnum sem þykja aðkallandi.

	Verkefni	Framkvæmd	Ábyrð	Forsenda
7.1.1	Kynning á verkefninu fyrir almenning	jan - mars 2015	Framkvæmdarráð	Kröfur EarthCheck
7.1.2	Kynning verkefnissin - Kostnaður	jan feb 2015	Fjórðungssamband	Kröfur EarthCheck
7.1.3	Framfylgt laga og reglugerða	jan- feb 2015	Verkefnastjóri	Kröfur EarthCheck
7.1.4	Kynning fyrir fyrirtæki og heimili á aðferðum til að draga úr myndum úrgangs og aukin fræðsla um flokkun sorps	jan - des 2015	Framkvæmdarráð	Lykilsvið 10
7.1.5	Yfirlýsing sveitarstjórna á Vestfirðum um að starfsfólki sveitarfélaganna sé óheimilt að kaupa pappírsvörur og hreinsiefni sem ekki bera viðurkennd umhverfismerki, nema í þeim tilvikum þar sem slík vara er ekki fáanleg á Íslandi	Jan - feb 2015	Framkvæmdarráð	Lykilsvið 11
7.1.6	Fjölgun vottaðra ferðaþjónustuaðila - heimsóknir og kynning fyrir ferðaþjónustuaðila á Vestfirðum	Jan - júlí 2015	Verkefnastjóri	Lykilsvið 5
7.1.7	Úrbætur á skráningarkerfi innkaupa	Jan - apríl 2015	Verkefnastjóri	Kröfur EarthCheck
7.1.8	Öll sveitafélög stefni að því að Vestfirðir verði að mestu plastpokalausir árið 2017 og hafin verði vinna við það strax árið 2015	2015-2017	Framkvæmdarráð	Lykilsvið 10
7.1.9	Upplýsingasöfnun um auðlindanotkun (benchmarkingtölur)	jan apr 2015	Verkefnastjóri	Kröfur EarthCheck
7.1.10	Árlega sé skoðaður vatnsleki í öllum þéttbýlum, verklag sett.	jan -maí 2015	Framkvæmdarráð	Lykilsvið 3
7.1.11	Kynning fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili á mikilvægi þess að draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum og leiðum til þess. T.d notkun annarra	ágúst - okt 2015	Framkvæmdarráð	Lykilsvið 2
7.1.12	Úrbætur vegna athugasemda við síðustu úttekt	jan -maí 2015	Verkefnastjóri	Kröfur EarthCheck
7.1.13	Kynning verkefnissin - spjöld til uppsetningar á Vestfirðum	Jan - mars 2015	Verkefnastjóri	Kröfur EarthCheck
7.1.14	Mat á árangri liðins árs	des.15	Framkvæmdarráð	Kröfur EarthCheck
7.1.15	Endurskoðuð framkvæmdaráætlun	des.15	Framkvæmdarráð	Kröfur EarthCheck

Tafla 3 Verkefni á framkvæmdaáætlun ársins 2015-2020, hvenær þau verða unnin, ábyrgðaraðilar verkefna og forsendur þeirra.

8. Lokaorð

Verkefni Framkvæmdarráðs og verkefnastjóra árið 2015 fellur aðallega undir að koma verkferlum í lag og kynna verkefni. Einnig þarf að taka á þeim þáttum sem féllu undir bestu línu EarthCheck. Komið er að því að það þurfi að kynna verkefni bæði fyrir almenningi og starfsmönnum sveitarfélaganna og því er mikilvægt að haldnir verði kynningarfundir á árinu 2015 svo að allir stefni að sama markmiði sem er að fá starfsemi sveitarfélaganna vottaða.

Þetta verkefni snýst um samstarf á milli aðila, starfsmanna sveitarfélaganna, Framkvæmdarráðs, lykilaðila í upplýsingagjöf og verkefnastjóra Fjórðungssambandsins sem vinnur úr gögnunum. Því er mjög mikilvægt að sveitarfélögin (sveitarstjórnirnar) myndi sér framtíðarsýn og kynni hana fyrir sitt svæði svo að hægt sé að stefna að þeirri framtíð. Þannig verður vinnan í verkefninu markvissari og verkefnin sem sveitarfélögin vilja leggja sig fram við að vinna í skýrari. Að stefna að sjálfbærri þróun Vestfjarða er verkefni sem allir sem þar búa þurfa að vinna að og því er mikilvægt að allir aðilar sveitarfélagsins séu vel upplýstir þannig að hægt sé að vinna saman að þeim markmiðum. Upplýsingarnar þurfa að vera aðgengilegar öllum bæði sveitarstjórnnum, nefndarmönnum og íbúum.